

## Viljayfirlýsing

Alzheimersamtökin og Öldrunarheimili Akureyrar hafa undanfarin ár unnið saman að ýmsum verkefnum á sviði almennrar fræðslu, svæðisbundinna tengiliða og samverustundum með einstaklingum og fjölskyldum sem glíma við heilabilun. Starfsfólk hefur unnið saman að ýmsum verkefnum á þessum sviðum og nýverið unnið að undirbúningi námskeiða á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands og við Háskólann á Akureyri ásamt fjórum opnum umræðu- og fræðslufundum sem haldnir hafa verið í öllum landshlutum.

Markmið þessarar viljayfirlýsingar er að staðfesta og efla enn frekar samstarf Alzheimersamtakanna og Öldrunarheimila Akureyrar á sviði almennrar fræðslu og viðhorfa með því að miðla þekkingu og veita ráðgjöf og stuðning við einstaklinga með heilabilun og fjölskyldur þeirra.

Alzheimersamtökin og Öldrunarheimili Akureyrar (ÖA) vilja efla og viðhalda samstarfi sínu á eftirfarandi sviðum:

1. Áframhaldandi almennt samstarf um uppbyggingu náms og námskeiða fyrir almenning og fagfólk. Þar á meðal samstarf um „hvað er heila málið“ – fræðslufundir og námskeiðahald.
2. Samstarf um að bjóða til samverustunda, Alzheimerkaffis og fræðslu- eða hópastarfs, líkt og verið hefur í húsakynnum ÖA.
3. Samstarf um að koma á og byggja upp á Akureyri ráðgjafabjónustu eða ráðgjafarmiðstöð um heilabilun (sérhæfð ráðgjöf á sviði heilabilunar), sem þjóni Akureyringum ásamt íbúum Norðurlands sem og starfsfólk og stofnunum á svæðinu. ÖA áformar að ráða til starfa hjúkrunarfæðing með sérhæfingu á sviði heilabilunar og ráðgjafar. Alzheimersamtökin vilja styðja við og taka þátt í kostnaði við ráðgjafarstarfið og munu m.a. sækja um fjárstyrk til þess hjá heilbrigðisyfirvöldum.
4. Vinna saman að því að þróa og opna enn frekar á aðgengi að ráðgjöf um heilabilun, t.d. með því að bjóða til ráðgjöf í gegnum netsamtöl og myndsamtl.
5. Vinna saman að útgáfu fræðslu og upplýsingaefnis, sem birt verði í rituðu og/eða rafrænu formi.
6. Vinna saman að því að kalla eftir stefnu um málefni einstaklinga með heilabilun frá heilbrigðisyfirvöldum og að starfsfólk beggja taki þátt í stefnumótunarvinnunni. Í framhaldinu verði síðan samvinna um leiðbeiningar, skýringar og skilgreiningar á stefnumanni þannig að hún verði skjólstæðingum aðgengileg. Vinna saman að þróun og innleiðingu á samfélagi sem er vinveitt og meðvitað um þarfir einstaklinga með heilabilun (Dementia friendly community).
7. Hvetja til aukinna rannsókna og nemendaverkefna um heilabilun og nýsköpunar og þróunarverkefna sem gætu aukið gæði þjónustu og stuðning við einstaklinga og fjölskyldur og lífsgæði þeirra.
8. Miðla sín á milli og sækja ráðstefnur og annað til að starfsfólk afli sér frekari þekkingar og nýjunga á öllum sviðum heilabilunar.
9. Vinna saman að nýsköpun- og þróun og innleiðingu á velferðartækni fyrir einstaklinga með heilabilun.

Undirritaðir lýsa því yfir að þeir hyggjast vinna saman að ofangreindum markmiðum og verkefnum og munu gera nánari áætlanir um útfærslu einstakra verkefna eftir því sem efni standa til.

Gert á Akureyri og í Reykjavík, 10. október 2018.



Árni Sverrisson  
stjórnarformaður  
Alzheimersamtakanna



Halldór S. Guðmundsson  
framkvæmdastjóri  
Öldrunarheimila Akureyrar